

356. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn miðvikudaginn 19. mars 2025 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 11:00.

Mættir:

Júníana Björg Óttarsdóttir
 Auður Kjartansdóttir
 Fríða Sveinsdóttir
 Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
 Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn og gesti velkomna á fundinn. Var svo gengið beint til boðaðrar dagskrár.

Dagskrá:

- 1) **Grunnskólastjóri og leikskólastjóri. Spjall um fjármál.**
 Hilmar Már Arason, skólastjóri, og Hermína Kristín Lárusdóttir, leikskólastjóri, mættu á fundinn í spjall um fjármál. Margir góðir punktar komu fram á fundinum.
 Véku þau svo af fundi og var þökkuð koman.
- 2) **Bréf frá forstöðumanni Jaðars, dags. 13. mars 2025, varðandi ósk um flutning á bátnum Svani.**
 Bæjarráð samþykkti samhljóða að báturinn verði fluttur í hafnarhúsið í Ólafsvík við fyrsta tækifæri.
- 3) **Bréf frá Hollvinafélagi Pakkhússins, dags. 14. mars 2025, varðandi geymslumál byggðasafnsins og varðveislu Sindrahússins í Ólafsvík.**
 Bæjarstjórn ákvað við gerð fjárhagsáætlunar 2025 að láta rífa húsið þar sem það er farið að vera hættulegt umhverfi sínu. Engar aðrar ákvarðanir hafa verið teknar varðandi málið.
- 4) **Bréf frá Smiðjunni og Kjarnanum, dags. í mars 2025, varðandi ósk um styrk vegna afnota af íþróttasal í íþróttahúsi Snæfellsbæjar.**
 Bæjarráð samþykkti samhljóða að fela bæjarstjóra að athuga hvernig þessum málum er hátt að í nágrannasveitarfélögnum áður en ákvörðun er tekin.
- 5) **Bréf frá ASÍ, SGS og Eflingu, dags. 6. mars 2025, varðandi upplýsingar um útvistun sveitarfélags á ræstingu og þrifum.**
 Bæjarritari hefur þegar svarað erindinu, en Snæfellsbær útvistar ekki ræstingum og þrifum.
- 6) **Bréf frá samtökunum Landsbyggðin lifir, dags. 4. mars 2025, varðandi samstarf við sveitarfélög um samstarfsverkefnið „Coming, Staying, Living – Ruralizing Europe“.**
 Lagt fram til kynningar.
- 7) **Bréf frá bæjarritara, dags. 10. mars 2025, varðandi afskriftir.**
 Bæjarritari fór yfir afskriftartillögur ársins.
 Bæjarráð samþykkti samhljóða að afskrifa kröfur að upphæð kr. 210.633.-
 Sjá trúnaðarmálabók.
- 8) **Samkomulag um vatn til vatnsveitu Hellna.**
 Bæjarstjóri lagði fram breytingartillögu frá útsendu samkomulagi. Í 2.gr. breytist 1.mgr. í „...og að lágmarki 5 sekúndulítra vatns sem afhendist við tengingu lagnarinnar á Arnarstapa.“ Jafnframt breytist 5.gr. á þann hátt að þar kemur fram að „fari afhent vatn undir skilgreint

lágmark 2.gr. skal koma til hlutfallslegrar lækkunar greiðslu skv. 3.gr., enda vari ástand í tvær vikur.“

Bæjarráð samþykkti samkomulagið samhljóða með framkomnum athugasemdum.


- 9) Bréf frá verkefnastjóra Umhverfisvottunar Snæfellsness, dags. 7. mars 2025, varðandi Sjálfbærnistefnu Snæfellsness 2025-2034 og Aðgerðaráætlun Snæfellsbæjar v. sjálfbærnistefnu Snæfellsness 2025-2034.

Bæjarráð samþykkti samhljóða að vísa erindinu til bæjarstjórnarfundar þann 10. apríl.

10) Minnispunktar bæjarstjóra.

- a) Bæjarráð samþykkti samhljóða að fara í samstarf við Ásgarð.
b) Bæjarstjóri sagði frá fundi með Isavia, Landhelgisgæslunni, almannavörnum, lögreglustjóranum á Vesturlandi og fleiri aðilum vegna Rifsflugvallar.


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:01



Júníana Björg Ottarsdóttir




Auður Kjartansdóttir



Kristinn Jónasson, bæjarstjóri



Fríða Sveinsdóttir



Lilja Ólafardóttir, bæjarritari